

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 770, 8. september 2006,**  
**um veiðar á íslenskri sumargotssíld.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar er heimilt á tímabilinu 3. nóvember til 31. desember 2006 að stunda síldveiðar með flotvörpu frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 08.00 að morgni út af Snæfellsnesi á svæði sem markast af 12 sjómílum frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 79/1997 og eftirgreindum punktum:

1. 64°40,30' N - 24°21,30' V
2. 64°49,70' N - 24°13,50' V
3. 64°56,70' N - 23°59,65' V
4. 65°03,00' N - 23°58,70' V
5. 64°57,70' N - 24°30,30' V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. nóvember 2006.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

---

*Þórður Eyþórsson.*